



Innkaupa- og framkvæmdarráð

Reykjavík, 22. september 2025

FAS25090015

Niðurstöður útboðs nr. 16066 – Rammasamningur um gagna- og internettengingar

Þann 3. september s.l. voru opnuð tilboð vegna útboðs Reykjavíkurborgar um kaup á gagna- og internettengingum. Eftirfarandi aðilar skiluðu inn tilboði:

Eftirfarandi aðilar skiluðu inn tilboðum:	Býður í hluta:
1 Síminn hf.	1, 2, 3 og 4
2 Ljósleiðarinn ehf.	2 og 4
3 Sýn hf.	1, 2, 3 og 4
4 Hringiðan ehf.	1, 2, 3 og 4
5 Nova hf.	1, 2, 3 og 4

Í skilmálum útboðsgagna kemur fram að samið verði við þá aðila sem uppfylli þær hæfiskröfur sem gerðar eru í útboðsgögnum. Sérstaklega er tekið fram að kaupandi mun kaupa tengingar frá tveim aðilum sem bjóða lægsta verð í hluta IV, þ.e. eina tengingu frá lægstbjóðanda og eina tengingu frá næstlægsta bjóðanda. Ef eingöngu eitt gilt tilboði berst, mun kaupandi kaupa báðar tengingarnar frá þeim aðila.

Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar og Upplýsingatæknideild ÞON hafa farið yfir tilboðin sem bárust og uppfylla fjórir af fimm bjóðendum lágmarkskröfur útboðsgagna, bæði tæknilegt og fjárhagslegt hæfi. Hringiðan ehf. uppfyllt ekki fjárhagslegt hæfi útboðsins.

Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar leggur því til að samið verði við þá fjóra sem sem uppfylltu hæfiskröfur útboðsins, Síminn hf., Ljósleiðarinn ehf., Sýn hf. og Nova hf.

Gildistími samning er fjögur ár frá því að samningurinn kemst á. Heimilt er að segja samningi upp með þriggja mánaða fyrirvara í fyrsta lagi níu mánuðum eftir gildistöku samnings.

Hámark samanlagðra viðskipta á grundvelli þessa samnings er kr. 2.000.000.000 án vsk., miðað við fjögurra ára samning.

Virðingarfyllt,
Vignir Már Sigurjónsson
Fjármálaþjónusta og ráðgjöf

Samrit:

Hjálagt: